



## Efna- og hitapolið iðnaðargólf - tæknilýsingablað

### Efnislýsing:

ULTRA 9000 er þriggja þátta leysi-efnalaust pólýúretanefni sem samanstendur af ólituðum fylliefnum og lituðu tveggja þátta pólýúretan bindiefni. ULTRA 9000 er lagt 6-9 mm þykkt og er ákjósanlegt þar sem hita-efna- og lyftaraálag er mikið.

### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 9000 eru að fljótlegt er að leggja efnið á gólf og góflista með húlkíl í gólfkverkar. ULTRA 9000 er matt og með upphleyptri áferð sem gerir efnið hálfufrítt. ULTRA 9000 er lagt samskeytalaust, þ.a.s. hefur samfellt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. ULTRA 9000 er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli eða umhverfið hvorki við lögn né eftir á.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA 9000 eru gólf í matvælaíðnaði þar sem krafa er gerð um sterkt, stamt, hita- og efnapolið. ULTRA 9000 er fánlegt í rauðum, gulum og gráum staðallitum.

### Eignleikar:

Efnapol ULTRA 9000 er mikið og efnið því sérstaklega hentugt á þeim stöðum þar sem notkun á lút, sýru, fitu, leysiefnum og heitu vatni er mikil. Slit og höggþol efnisins er framúrskarandi gott. Hitapol er umfram aðrar efnistegundir og þolir ULTRA 9000 vel snöggar hitabreytingar svo sem við gufuþvott og þvott með heitu og köldu vatni. Ef valið er 9mm þykkt þá þolir efnið 120°C.



### Vinnslutími:

- æ Tími við lögn: 2-3 dagar
- æ Gönguhæft: 12-15 kls/20°C
- æ Lyftaraumferð: 24 kls/20°C
- æ Fullharðnað: 7 dagar

### Vinnsluferli:

Áður en ULTRA 9000 gólfefnið er lagt er mikilvægt að hafa í huga að steinsteypa sé meira en 28 daga gömul, undirlag sé með a.m.k 25 N/mm<sup>2</sup> brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja það með epoxy vætingu „impregneringu“, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 9000 er vandasamt verk og ætti því aðeins að vinnast af sérhæfðum verktökum. Gólflausnir Malland er sérhæft á þessu sviði og hefur á að skipa starfsmönnum með áratuga reynslu í lagningu iðnaðargólfeina.

### Vinnuferlið samanstendur af:

- æ Vönduðum undirbúningi og hreinsun undirlagsins, sem er grundvöllur fyrir góðum árangri.
- æ Saga raufar (20 x 8mm) meðfram veggjum og niðurföllum.
- æ Leggja ULTRA 9000.
- æ Frágangur.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nóg að þrifa með vatni allt að 50°C heitu og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.

